



## Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði

Kt. 450984-1089 Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

Sími: 555-2666 Fax: 565-3100

Póstfang: mih@mmedia.is Veffang: www.mih.is

Hafnarfjörður, 30. mars 2012

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar  
b.t. Guðmundar Rúnars Árnasonar

Ákvörðun Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um lokun á jarðvegstípp sem hefur verið framkvæmdaraðilum og bæjarbúum til afnotar við losun jarðvegs liggur nú fyrir. Í stað núverandi jarðvegstípp er vísað á stað við Bolöldu (við Litlu kaffistofuna).

Ljóst er að við þessa þjónustuskerðingu mun kostnaður framkvæmdaraðila sem og bæjarbúa, aukast verulega. Jarðvinnuverktakar hafa staðfest að kostnaður við flutning hvers rúmmeter af jarðvegi muni hækka um 300% miðað við olíuverð á núverandi verðlagi. Þessari þjónustuskerðingu mótmælir stjórn M.I.H harðlega.

Stjórn M.I.H hefur átt í viðræðum við bæjaryfirvöld um lækun lóðaverðs sem hefur verið liður í aðgerðum félagsins til lækkunar á byggingakostnaði en þessi aðgerð mun ekki stuðla að því.

Í umræðum um aukna íbúðapörf hafa þó nokkur fyrirtæki í mannvirkjagerð hafið undirbúning og áætlanir um endurreisn byggingarmarkaðarins og ljóst að við val á lóðum verður tekið tillit til allra þátta byggingakostnaðar. Þessi aðgerð skerðir verulega samkeppnisaðstöðuna við nærliggjandi sveitarfélög

Stjórn M.I.H hvetur bæjarstjórn Hafnarfjarðar að hefja nú þegar vinnu við opnun nýs jarðvegstíppar því samkvæmt framangreindu fara saman hagsmunir framkvæmdaðila sem og bæjaryfirvalda. Hafa verið kannaðir möguleikar á samstarfi við nærliggjandi sveitafélög með losun á efni þar til lausn finnst í okkar sveitafélagi?

Virðingafyllst  
Fh. Meistarafélags iðnaðarmanna í Hafnarfirði

Ágúst Pétursson form. MIH